

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um póstafrgreiðslu á* **80**
Eskifirði. — Þótt jeg hafi ekki enn fengið fullnaðarsvar, frá innanríkisstjórninni með **17. apríl.**
tilliti til fyrirkomulags þess, sem þjer, herra landshöfðingi, hafið lagt til með í þóknan-
legu brjefi frá 18. f. m. um póstsendingar milli hinnar ensku póststjórnar og hinnar ís-
lenzku, hefi jeg komizt að raun um, að búið sje að semja við hina ensku póststjórn um
þetta fyrirkomulag, og vil jeg því ekki láta hjá líða að tjá yður hjer með þjónustusam-
lega til þóknanlegrar leiðbeiningar og aðgjörða, að jeg fellst á tillögur yðar um, að í
staðinn fyrir brjefhirðing á Eskifirði verði þar framvegis stofnuð póstafrgreiðsla.

Jeg leggst ekki undir höfuð að geta þess, að eg skil orð yðar, herra lands-
höfðingi, í nefndu brjefi frá 18. f. m. svo, að íslenzk póstbrjef, sem til Englands eiga
að fara, muni ávallt verða send beinlinis til hins síðasta reglulega komustaðar póstgufu-
skipsins á Íslandi, á leiðinni til Kaupmannahafnar, og verð jeg því að álíta það rjett-
ast, að leggja niður póstafrgreiðslu en taka upp í staðinn brjefhirðingu á Djúpavogi, þar
sem eptir ferðaáætluninni að eins Arkturus kemur við, þegar veður leyfir.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um póstsendingar til* **81**
Englands. — Eptir að jeg hafði meðtekið frá innanríkisstjórninni tilkynningu um, að **1. maí.**
póststjórnin á Englandi hafi gjört nauðsynlega ráðstöfun til þess, að brjefum til Íslands,
að Reykjavík frá skilinni, muni framvegis á ferðum hinna íslenzku gufuskipa, þar sem
skipin fara í kringum landið, áður en þau koma til Reykjavíkur, verða beint til hins
fyrsta komustaðar skipsins á Íslandi, Eskifjarðar eða Seyðisfjarðar, hefi jeg í dag mælt
til þess af hinu sameinaða gufuskipafjelagi, að formönnum póstgufuskipanna yrði skipað
á hinum tjeðu ferðum að afhenda þau ensku póstbrjef, sem ekki eiga að fara til Reykja-
víkur, póstafrgreiðslumanninum á þeim stað, er skipið kemur fyrst við á, hvort sem það
er heldur Eskifjörður eða Seyðisfjörður eptir ferðaáætluninni, og í annan stað að leyfa
þessum póstafrgreiðslumönnum að minnsta kosti 4 stunda frest, til að skipta póstsending-
unum niður á þær hafnir, er þær eiga að fara á.

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra
landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar, út af þóknanlegu brjefi yðar frá 18. marz
þ. á. og í sambandi við brjef mitt frá 17. f. m.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **82**
sildarveiði Norðmanna. -- Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir í brjefi frá 16. f. m. **3. maí.**
vakið athygli mína á því, að samkvæmt skýrslu hins konunglega danska konsúls í Björg-
vin til utanríkisstjórnarinnar, sje útlit til þess, að í ár verði miklar skipaútgjörðir frá
Norvegi til sildarveiða við austurstrendur Íslands. Út af þessu vil jeg hjer með mæl-
ast til þess, að þjer, herra amtmaður, skorið á sýslumennina í báðum Múlasýslunum, að þeir
hafi nákvæmt eptirlit með því, að hinum gildandi lagaákvörðunum um fiskiveiðar útlend-
inga við Ísland sje hlýtt, einkum tilsk. 12. febr. 1872, sbr. tilsk. 13. júní 1787, 1. kap.
2. og 10. gr., en samkvæmt þeim eru fiskiveiðar í landhelgi við Ísland áskildar dönskum
þegnum og engum öðrum. Aptur á móti er öllum heimilt að afla fiskjar fyrir utan
landhelgi, og setja hin íslenzku lög engin takmörk fyrir því; en útlendum fiskiskipum er
bannað að flytja afla sinn í land, hvort heldur á fastaland eða eyjar, eða hólma til
þess að verka hann þar.

82
3. maí.

Samkvæmt tilskipun um kaupstaðina á Íslandi frá 17. nóv. 1786 getur hver út-
lendur maður, sem kemur hingað til að taka sjer bólfestu í kaupstöðunum, fengið sjer
borgarabjef samastaðar, ef hann lætur rita nafn sitt í borgaraskrána, vinnur
borgaraeið og fær hjá hlutaðeigandi yfirvaldi borgarabjef, þó verður hann áður að vinna
Danakonungi hollustueið, ef hann ekki þegar áður er danskur þegn. Eptir þessum á-
kvörðunum, sem settar eru í 6. og 7. gr. nefndrar tilskip. og sem bera má saman við
ákvarðanirnar í 8. gr., verður nákvæmlega að breyta, og einkum verður að gefa því gæt-
ur, að til þess að öðlast borgarabjef, útheimtist að hlutaðeigandi setjist að í raun og
veru í einhverjum kaupstað landsins, og gegni öllum þeim skuldbindingum, sem eptir
lögnum liggja kaupstaðarborgurum á herðum með tilliti til sveitarútsvars og annara
gjalda og skatta sbr. lög um tekjuskatt 14. júlí 1877, 10. gr.

83
4. maí.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandsiglingar póst-
gufuskipanna.* — Eptir að ráðgjafinn fyrir Ísland hefir skrifast á við hið sameinaða
gufuskipafjelag út af bænarskrá þeirri, sem þjer, herra landshöfðingi, senduð hingað með
þóknanlegu brjefi frá 22. marz þ. á., og þar sem farið var fram á breytingar á ferða-
áætlun póstgufuskipanna um Ísland í ár, skal hjer með þjónustusamlega tjáð yður til
þóknanlegrar leiðbeiningar, að engin breyting getur orðið á umræddri ferðaáætlun póst-
gufuskipanna þetta ár. Aptur á móti hefir gufuskipafjlagið tjáð sig fúst til næstkomandi
ár að fallast á slíkar breytingar í hinni núverandi ferðaáætlun, að annmarkar þjer geti
horfið, sem bent er á í tjeðri bænarskrá að því leyti, er lýtur að Reykjavík og Vest-
mannaeyjum, en fjelagið áskilur sjer, áður en nokkuð sje fast ákveðið í þessu tilliti, að
sjá, hvernig strandsiglingar gufuskipanna takist í ár.

84
11. maí.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um
sparisjóðinn á Siglufirði.* — Samkvæmt tillögum yðar herra amtmaður vil jeg
hjer með endurveita sparisjóðnum í Siglufirði um næstkomandi 10 ár eða til 10. október
1889 þau hlunnindi, er samkvæmt tilskipun 5. júní 1874 voru veitt tjeðum sjóði með
brjefi mínu frá 10. október s. á.¹ Endurveiting þessi er bundin hinum sömu skilyrðum,
sem tiltekin voru í nefndu brjefi mínu.

Þetta er tjáð yður herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeigöndum.

85
14. maí.

— *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um heytoll og ljóstoll af úti-
bíu.* — Í brjefi frá 11. þ. m. sögðu stiptyfirvöldin mjer þóknanlegt álit sitt um fyrir-
spurn þ. Bergþórssonar um, hvort sjer beri að fódra nema 1 lamb á ári fyrir prest sinn
og gjalda nema 1 ljóstoll, þó að hann auk hinnar eiginlegu ábúðarjarðar sinnar Leikskála
hafi útibú á annari eignarjörð sinni Þorsteinsstöðum í sömu sókn, en á henni hafi þar
að auki verið 2 húsmenn, er hafi greitt sinn hálfan ljóstoll hvor og annar fódrað 1 lamb
fyrir prestiun.

Um leið og jeg get þess, að jeg sje stiptyfirvöldunum samdóma um, að bóndi, er hefir
útbú á jörð, sem sjerstaklega er metin til dýrleika, sje skyldur til að greiða öll lögboðin
gjöldaf þeirri útjörð sinni og þar á meðal heytoll og ljóstoll, vil jeg mælast til þess, að þjer
tjáið spyrjandanum, að honum sje frjálst að leita úrskurðar dómstólanna um þetta mál.

1) Stjórnatíðindi 1874, B. 15.